

Fundargerð (36)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 25. maí 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Laufey Gissurardóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir, Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 35. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
- 3. Lykilmælikvarðar og matshópur.** Inga Rún fór yfir minnisblað frá SNS um hvort úrtak frá 10 stærstu sveitarfélögum utan Reykjavíkur með nálægt 70% vaktavinnufólks sveitarfélaga geti verið nægjanlegt fyrir marktækni í störfum matshópsins. Fulltrúar launafólks féllust ekki á það og bentu á að samkvæmt samkomulagi aðila beri launagreiðendum að skila mánaðarlegum lykilmælikvörðum til matshóps til að gera honum kleift að leggja mat á áhrif kerfisbreytinganna á starfsfólk og starfsemi stofnana. Úrtakskönnun sé því ófullnægjandi. Málið var rætt og niðurstaðan sú að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga ræði málið betur í sinn hóp.
- 4. Staðan hjá matshópi.** Einar Mar og Bára Hildur gerðu grein fyrir stöðu mála í matshópi.
- 5. Yfirferð á launum hópa.** Bára Hildur gerði grein fyrir drögum að minnisblaði verkefnisstjórnar um samanburð á launaniðurstöðum hjá vaktavinnuhópum Landhelgisgæslunnar, sem fylgt hafa markmiðum og leiðarljósum betri vinnutíma í hvívetna, fyrir og eftir breytinguna 1. maí. Verkefnisstjóri mun leita eftir athugasemdum og yfirferð hjá einstökum fulltrúum í stýrihópnum og Landhelgisgæslunni áður en minnisblaðið verður kynnt.

6. Önnur mál.

- Fulltrúi BHM óskar eftir umræðu um styttingu vinnuvikunnar og hlutaveikindi á næsta stýrihópsfundi. Sonja Ýr mun boða til umræðu um málið milli funda en það snertir fyrst og fremst styttingu vinnuvikunnar í dagvinnu.

Fundi slitið kl. 15.34. Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 1. júní kl. 14-15.30.

Fundargerð er aðgengileg á Teams.